1. október 1985 þriðju-dagur


225. tölublað 50. árgangur

ÞJÓÐVILJINN

HEIMURINN
ÍÞRÓTTIR
MANNLÍF

Ríkisstjórnin

Ráns-kjör á lánum



Línuritið úr Hagtíðindum sem Hagstofan gefur út sýnir glöggt þróunina á launakjörum miðað við verðbindingu lánsfjárins. Athygli skal vakin á því, að launaskrið er reiknað inní lánavísitöluna, þannig að línuritið væri enn skelfilegra ef einungis kaupmáttur kauptaxta væri til samanburðar. Í stuttu máli; beina línan eru launin, en rauða strikið er lánskjaravísitalan.


Hagstofan birtir línurit um þróun ránskjaravísitölurnar miðað við launavísitölu síðustu árin. Óhugnanleg mynd af lánskjörum í landinu. Launin halda hvergi í við verðtryggingu

Íslendingar hafa þurft að greiða allt uppí nær 30% hærra í afborganir og verðtryggingu á síðustu misserum en sem nemur launahækkunum á sama tímabili, einsog fram kemur á línuriti sem birtist í nýútkomnum Hagtíðindum frá Hagstofu Íslands.

Þegar svokallað „greiðslujöfnunarfrumvarp“ var samþykkt á alþingi var gert ráð fyrir að húsnæðiskaupendur ættu kost á að fresta afborgunum af húsnæðislánum samkvæmt fullri ránskjaravísitölu – en fengju að greiða samkvæmt nýrri vísitölu launavísitölu. Launavísitalan saman stendur af tveimur þáttum að jöfnu: vísitölu atvinnutekna á mann (þ.e. allar atvinnutekjur og hækkanir sem verða) og vísitölu meðalkauptaxta allra launamanna. Þannig að meiraðsegja vaxandi vinnuþrælkun, lengri vinnutími er inní launavísitölunni.

Í september mánuði var lánskjaravísitalan 118,8 miðað við launavísitöluna hundrað. Á meðfylgjandi línuriti má sjá hvernig ránskjaravísitalan hefur rokið upp í tíð núverandi ríkisstjórnar miðað við launavísitöluna 100 á hverjum tíma.

– óg



Ríkarð vatnslitar ofan í sprungurnar á Þingvallamálverki eftir Kjarval, sem ekki hefur verið sýnt opinberlega, en átti að flytja að Kjarvalsstöðum í dag. ljósm. Einar. Ól.

Meistarinn

Kjarvalsheimt

Aldarafmælið 15. október. – Tugir Kjarvalsverka sem ekki hafa verið sýnd áður.

Við erum eins og læknarnir, hjá okkur eru allir jafnir. En óneitanlega er meira gaman að „lagfæra“ Kjarval en flesta aðra,“ sagði Ríkharð Hördal, forvörður en í sumar hefur hann og fleiri starfsmenn Morkinskinnu unnið við að lagfæra og endurvinna fleiri tugi af verkum eftir meistara Kjarval. Hinn 15. október eru 100 ár liðin frá fæðingu Kjarvals og af því tilefni verður sett upp stór sýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum. Hafa mörg verkanna aldrei verið sýnd opinberlega fyrr.

Verkin sem undanfarnar vikur og mánuði hafa verið í lagfæringu eru allt frá litlum teikningum og vatnslitamyndum upp í stór olíumálverk, sem hefur þurft að lagfæra mikið vegna óhreininda og sprungna. Auk Ríkharðs hefur Margrét Ingólfsdóttir forvörður unnið við endurbæturnar. Hún hefur einkum fengist við litlar teikningar og vatnslitamyndir, sem í flestum tilvikum eru gerðar á mjög lélegan pappír. Í dag átti svo að flytja verkin upp á Kjarvalsstaði þar sem þau verða síðar sýnd almenningi.

Þs

Bretland

Frjáls-hyggjan veldur ólgu

Miklar óeirðir brutust út í Brixton-hverfinu í London nú um helgina, þær mestu síðan 1981. Tíðindamaður Þjóðviljans á Englandi, Ívar Jónsson, segir frá þeim í frétt sem hann símaði inn í gær.

Sjá bls. 19

Siglingar

Tromma le Bon fer vel af stað

Portsmouth – **Poppsöngvarinn Simon le Bon úr hljómsveitinni Duran Duran tekur nú þátt í kappsiglingu umhverfis hnöttinn en hún hófst við suðurströnd Englands á laugardaginn. Skúta söngvarans, Drum, leiddi keppnina fyrsta spölinn, en amerísk skúta tók forystuna þegar inn á Biscayaflóa kom. Drum er nú í 2.-3. sæti.**

Sjálfur er kappinn le Bon ekki um borð og stígur ekki fæti á skipsfjöl fyrr en í febrúar. Þá er áætlað að skipin verði í Auckland á Nýja-Sjálandi og keppnin uþb. hálfnuð. Leiðin sem skúturnar fara er 27 þúsund sjómílur.

–ÞH/reuter